

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

273. FUNDUR.

273. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 8. september 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Sigríður Elva Ársælsdóttir, varamaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Magnús Eðvaldsson, varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 918. fundar frá 5. september sl. Fundargerð í 5 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 2. dagskrálið „Sveitarstjórn Húnaþings vestra tekur undir áhyggjur Byggðarráðs af óviðunandi stöðu og fámenni lögreglunnar á Norðurlandi vestra. Jafnframt vill sveitarstjórn ítreka þær kröfur sem komið hafa fram allt frá því að lögregluumdæmi voru sameinuð árið 2014 að á Hvammstanga verði mönnuð lögreglustöð til að sinna því stóra svæði sem sveitarfélagið nær yfir. Viðbragðstími lögreglu þegar alvarleg atvik eiga sér stað er eins og dæmin hafa sannað með öllu óviðunandi og veldur því að hætta skapast og íbúar upplifa óöryggi. Við það verður ekki búið lengur. Til að hægt verði að manna lögreglustöð á Hvammstanga þarf að fjölga í lögregluliði umdæmisins alls og gerir sveitarstjórn Húnaþings vestra kröfu um að svo verði gert hið allra fyrsta“.

Liður 3 borin undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 273. fundar frá 1. september sl. Fundargerð í 4 liðum.

1. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

2. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

3. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum. Unnur Valborg Hilmarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar og tók Elín Jóna Rósinberg varaoddviti við stjórn fundarins á meðan.

4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.

Fundargerð 174. fundar frá 7. september sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Skýrsla sveitarstjóra.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:29

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Valdimar Gunnlaugsson.

Sigríður Elva Ársælsdóttir

Magnús Eðvaldsson

Guðný Hrund Karlsdóttir